

Fögur er foldin,
heiður er Guðs himinn,
indæl pílgríms ævigöng.
Fram, fram um víða veröld og gistum
í Paradís með sigur söng.

Kynslóðir koma,
kynslóðir fara,
allar sömu ævigöng.
Gleymist þó aldrei eilífa lagið
við pílgrímsins gleðisöng.
B. S. Ingemann - Matthías Jochumsson

Faðir vor

Nú legg ég augun aftur, ó, Guð, þinn náðarkraftur mín veri vörn í nótt. Æ, virst mig að þér taka, mér yfir láttu vaka þinn engil, svo ég sofi rótt.	Ég fel í forsjá þína, Guð faðir, sálu mína, því nú er komin nótt. Um ljósið lát mig dreyma og ljúfa engla geyma öll börnin þín, svo blundi rótt.
<i>Foersom / Sveinbjörn Egilsson - P.C. Krossing 1820</i>	<i>Matthías Jochumsson - P.C. Krossing 1820</i>

Moldun

Almennur söngur

Allt eins og blómstrið eina upp vex á sléttri grund fagurt með frjóvgun hreina fyrst um dags morgunstund, á snöggu augabragði af skorið verður fljótt, lit og blöð niður lagði - líf mannlegt endar skjótt.	Ég lífi' í Jesú nafni, í Jesú nafni' eg dey, þó heilsa' og líf mér hafni, hræðist ég dauðann ei. Dauði, ég óttast eigi afl þitt né valdið gilt, í Kristú krafti' eg segi: Kom þú sæll, þá þú vilt. <i>Hallgrímur Pétursson</i>
--	--



Blessun

Eftirspil

Largo
Händel

*Prestur: Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson
Söngur: Schola cantorum
Fiðla: Matthías Stefánsson
Útfararþjónusta Akraneskirkyju
Jarðsett verður í Kirkjugarði Akraness*

*Ástvinir þakka samúð og vinarhug og bjóða viðstöddum að þiggja
veitingar í Hátíðarsal Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimilis.
Sólmundarhöfða á Akranesi að athöfn lokinni*



Elín Þorvaldsdóttir

*Fædd 18. júlí 1935
Dáin 29. júní 2025*



*Útför frá Akraneskirkyju
miðvikudaginn 16. júlí 2025*

Tónlist fyrir athöfn

Forspil

Air

J.S. Bach

Signing og bæn

Dag í senn, eitt andartak í einu,
eilíff náð þín, faðir, gefur mér.
Mun ég þurfa þá að kvíða neinu,
þegar Guð minn fyrir öllu sér?
Hann sem miðlar mér af gæsku sinni
minna daga skammti af sæld og þraut,
sér til þess, að færa leið ég finni
fyrir skrefið hvert á lífs míns braut.

Hann, sem er mér allar stundir nærri,
á við hverjum vanda svar og ráð,
máttur hans er allri hugsun hærri,
heilög elska, viska, föðurnáð.
Morgundagsins þörf ég þekki eigi,
það er nóg, að Drottinn segir mér:
Náðin mín skal nægja hverjum degi,
nú í dag ég styð og hjálpa þér.

Guð, ég fæ af fyrirheitum þínum
frið og styrk, sem ekkert buga má.
Auk mér trú og haltu huga mínum
helgum lífsins vegi þínum á,
svo að ég af hjartaþeli hreinu,
hvað sem mætir, geti átt með þér
daginn hvern, eitt andartak í einu,
uns til þín í ljóssins heim ég fer.

Sandell-Berg - Sigurbjörn Einarsson

Ritningarorð

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta,
á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum þar sem ég má næðis njóta.
Hann hressir sál mína, leiðir mig um réttan veg
fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal, óttast ég ekkert illt,
því þú ert hjá mér,
sproti þinn og stafur hugga mig.
Þú býr mér borð frammi fyrir fjendum mínum,
þú smyr höfuð mitt með olíu,
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.
23. Davíðssálmur - Margrét Scheving

Ritningarorð

Heyr, himna smiður,
hvers skáldið biður,
komi mjúk til mín
miskunnin þín.
Því heit eg á þig,
þú hefur skaptan mig,
ég er þrællinn þinn,
þú ert Drottinn minn.

Guð, heit eg á þig,
að græðir mig,
minnst, mildingur, mín,
mest þurfum þín.
Ryð þú, röðla gramur,
ríklyndur og framur,
hölds hverri sorg
úr hjartaborg.

Gæt, mildingur, mín,
mest þurfum þín
helst hverja stund
á hölda grund.
Set, meýjar mögur,
máls efni fögur,
öll er hjálp af þér,
í hjarta mér.

Porkell Sigurbjörnsson –
Kolbeinn Tómasson

Guðspjall

Er við lítum yfir farinn veg og finnum gamla slóð
færast löngu liðnar stundir okkur nær.
Því að margar standa vörður þær, sem einhver okkar hlóð
uppi um fjöll, þar sem vorvindurinn hlær.
Öll þau yndisfögru kvöld,
okkar litlu skátatjöld,
eru gömlum skátum endurminning kær.
Þegar varðeldarnir seiða og við syngjum okkar ljóð
suðar fossinn og töfrahörpu slær.
Óþekktur höfundur - Haraldur Ólafsson

Minningarorð

Sérhver draumur lifir aðeins eina nótt
sérhver alda rís en hnígur jafnan skjótt
hverju orði fylgir þögn
og þögnin hverfur alltof fljótt.

En þó að augnablikið aldrei fylli stund
skaltu eiga við það mikilvægan fund
því að tár sem þerrað burt
aldrei nær að græða grund.

Líttu sérhvert sólarlag,
sem þitt hinsta væri það.
Því morgni eftir orðinn dag
enginn gengur vísun að.

Þú veist að tímans köldu fjötra enginn flýr
enginn frá hans löngu glímu aftur snýr.
Því skaltu fanga þessa stund
því fegurðin í henni býr.
Bragi Valdimar Skúlason

Bæn